

23.fundur

5. apríl 2022

Málsnr. 2009606SA

Málalykill: 16.34

**Fundargerð fundar samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
Félags stjórnenda leikskóla**

23. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennara-sambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla var haldinn þriðjudaginn 5. apríl 2022. Fundurinn er fjárfundur í Teams og hófst kl. 13:30.

Á fundinum voru f.h. FSL, Sigurður Sigurjónsson.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Inga Rún Ólafsdóttir, Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Hagvaxtarauki**

Í gildandi kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tengiákvæði við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði um greiðslu hagvaxtarauka. Nú hefur forsendunefnd ASÍ og SA staðfest að hagvaxtarauki að upphæð 10.500 kr. komi á taxtalaun frá 1. apríl og til greiðslu þann 1. maí næstkomandi.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefndin er sammála um að frá 1. apríl bætist hagvaxtaraukinn 10.500 kr. við launatöflur gildandi kjarasamnings aðila. Hagvaxtaraukinn kemur til greiðslu frá og með mánaðarmótum apríl-maí 2022.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 13:45.